

# INNLEIÐING BARNA- SÁTTMÁLANS

Staða á innleiðingu  
Barnasáttmálans

Niðurstaða könnunar  
meðal ríkisstofnana 2020



UMBOÐSMAÐUR  
BARNA



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Samantekt og helstu niðurstöður .....	5
Málefnasvið stofnana og málefni barna.....	5
Pekking á efni Barnasáttmálans.....	7
Kynning á Barnasáttmálanum .....	9
Aðgengi .....	10
Húsnæði stofnana .....	10
Vefsíða og kynningarefni .....	10
Mat á áhrifum á börn.....	11
Innleiðing Barnasáttmálans í starfsemi stofnana .....	13
Samráð við börn.....	15
Annað.....	17
Viðauki 1 - spurningar.....	19

## Inngangur

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, skal umboðsmaður vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Með breytingum á lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, sem samþykktar voru á Alþingi í lok árs 2018, var embættinu falið það hlutverk að fylgjast með þróun og túlkun Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og því að hann sé virtur. Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn. Þekking á sáttmálanum er jafnframt grundvallarforsenda þess að réttindi barna séu virt í framkvæmd.

Í janúar 2020 sendi embætti umboðsmanns barna bréf til allra ráðuneyta og ríkisstofna, með beiðni um þátttöku í könnun. Meginmarkmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu innleiðingar Barnasáttmálans í íslenskri stjórnvísu og fyrirkomulag samráðs stofnana við börn. Einnig var markmiðið að fá yfirlit yfir þekkingu og vitund starfsmanna stofnana um sáttmálann og þau réttindi sem þar er kveðið á um. Framkvæmd könnunarinnar er jafnframt liður í því að meta ávinninginn af lögfestingu Barnasáttmálans en til stendur að endurtaka könnunina reglulega. Með því móti verður unnt að bera saman svör og leggja mat á þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi stofnana og ráðuneyta og sem miða að því að tryggja þátttöku barna í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna eins og Barnasáttmálinn gerir ráð fyrir.

### **Bréf sent til allra ríkisstofnana þann 23. janúar 2020.**

*Til þeirra er málið varðar.*

*Sem aðili að Barnasáttmálanum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, ber íslenska ríkinu að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnvísu til að réttindi þau sem viðurkennd eru í sáttmálanum komi til framkvæmda, en kveðið er á um það í 4. gr. sáttmálans.*

*Í lok árs 2018 samþykkti Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna, en með breytingunum var embætti umboðsmanns barna falið það verkefni að stuðla að því að Barnasáttmálinn sé virtur og vinna að því að tryggja þátttöku barna í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna hjá ríki og sveitarfélögum.*

Áframhaldandi innleiðing Barnasáttmálans er viðvarandi verkefni sem krefst þess að allar stofnanir sem aðkomu hafa að málefnum barna með einum eða öðrum hætti eða vinna að málefnum sem börn láta sig varða, vinni að því að bæta aðgengi barna að þjónustu og upplýsingum og tryggja nauðsynlega þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og stefnumótun þar sem við á. Umboðsmaður barna hyggst því afla upplýsinga um þær aðgerðir sem ráðuneyti og stofnanir hafa gripið til í því skyni að innleiða Barnasáttmálann í starfsemi sinni, til þess að unnt sé að leggja mat á stöðu innleiðingar sáttmálans og þörfina á frekari aðgerðum.

Þess er því farið á leit að stofnunin geri grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til og sem miða að því að innleiða Barnasáttmálann í starfseminni með því að svara rafrænni könnun á meðfylgjandi hlekk. Má þar sem dæmi nefna kynningarstarf fyrir börn, aðgengi að barnvænum upplýsingum á t.d. heimasíðu, aðgerðir sem miða að því að gera húsnæði eða þjónustu viðkomandi stofnunar aðgengilegri fyrir börn, þær leiðir sem farnar hafa verið í samráði við börn, upplýsingar um fræðslu til starfsmanna um réttindi barna og Barnasáttmálann og þjálfun starfsmanna í að vinna með og eiga í samskiptum við börn og hvort stofnunin leggi sérstaklega mat á áhrif tillagna, breytinga eða annarra aðgerða á börn.

Embætti umboðsmanns barna hyggst gera grein fyrir niðurstöðunum í skýrslu til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Barnasáttmálans hér á landi og þá verður niðurstöðunum fylgt eftir með frekari könnunum á næstu árum til þess að fylgjast með framþróuninni.

*Tekið skal fram að samkvæmt 5. gr. laga um umboðsmann barna er stjórnvöldum skylt, þrátt fyrir þagnarskyldu, að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.*

Þess er óskað að svar við ofangreindri könnun berist embætti umboðsmanns barna ekki síðar en 21. febrúar. Embættið er reiðubúið að aðstoða stofnanir við að leggja mat á innleiðingu barnasáttmálans og/eða veita starfsmönnum fræðslu um inntak hans.



## Samantekt og helstu niðurstöður

Lögð var rík áhersla á að fá eins skýra mynd af stöðunni og kostur er og því var upphaflegur svarfrestur framlengdur nokkrum sinnum. Könnunin var send til 155 stofnana og alls bárust 132 gild svör, því liggur fyrir stöðumat á innleiðingu Barnasáttmálans í íslenskri stjórnslu. Umboðsmaður barna vill færa sérstakar þakkir til ríkisstofnana fyrir þátttökuna og til starfsfólks þeirra sem veittu verkefninu liðsinni sitt með því að svara könnuninni.

Af niðurstöðum könnunarinnar má ráða að mikinn áhuga er að finna meðal stofnana og ráðuneyta um að taka næstu skref í innleiðingu Barnasáttmálans og að ákall er eftir fræðslu og leiðbeiningum sem gera þeim kleift að stíga þau skref. Embætti umboðsmanns barna hyggst bregðast við með því að bjóða stofnunum fræðslu og leiðbeiningar um innleiðingu Barnasáttmálans og framkvæmd mats á áhrifum á börn.

Það er sömuleiðis jákvætt að könnunin virðist hafa vakið fulltrúa margra stofnana til umhugsunar um þá þætti starfseinnar sem snúa beinlínis að börnum eða varða þau með öðrum hætti. Í einhverjum tilvikum gáfu svör til kynna að könnunin hafi þegar orðið hvati að umræðum hjá stofnunum um frekari aðgerðir sem miða að innleiðingu Barnasáttmálans og aukinni þátttöku barna.

Ljóst er að niðurstöður könnunarinnar gefa tilefni til að taka sérstaklega til skoðunar tiltekna þætti eins og fræðslu til starfsfólks og forsvarsmanna stofnana um Barnasáttmálann og framkvæmd mats á áhrifum á börn. Þá er einnig brýnt að efla þjálfun starfsfólks í því að vinna með og eiga í samskiptum við börn, sem er einn lykilþáttur í áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmálans. Einnig er ljóst að leita þarf frekari leiða til samstarfs og samræmingar á þessu sviði og að innleiða þarf ferla og verklagsreglur sem tryggja að ávallt fari fram mat á hagsmunum barna þegar við á og að þátttaka þeirra sé tryggð í málum sem þau varðar. Embætti umboðsmanns barna hyggst fylgja þessari skýrslu eftir með áframhaldandi samtali við ríkisstofnanir en einnig er gert ráð fyrir því að framkvæma sambærilega könnun með reglubundum hætti til þess að fylgjast með framþróuninni og leggja mat á nauðsynlegar aðgerðir á þessu sviði.

### Málefna svið stofnana og málefni barna

Í könnuninni voru stofnanir beðnar um að svara til um hvort málefni barna væru hluti af málefna sviði viðkomandi stofnunar. Af þeim 132 stofnunum sem svöruðu töldu 73 (55%) að svo væri, 55 (42%) svöruðu því neitandi og 4 (3%) svarenda voru óvissir um það. Sjá mynd 1.0.





Mynd 1.0: Eru málefni barna hluti af málefnsviði stofnunarinnar?

Í einhverjum tilvikum áttu stofnanir erfitt með að leggja mat á það hvort málefni barna væru hluti af málefnsviði stofnunarinnar, en tilgangurinn með þessari spurningu var m.a. sá að hvetja stofnanir til þess að taka til skoðunar hvaða málefni á þeirra starfssviði varða börn með einum eða öðrum hætti.


Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans skulu aðildarríki sáttmálans tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Við samningu Barnasáttmálans var því hafnað að takmarka mál sem varða börn samkvæmt 12. gr. við tiltekna málaflokka. Hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fer með eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans og veitir leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd hans, lýst því yfir, að með málum sem varða börn sé ekki eingöngu átt við þau málefni sem fjallað er um í Barnasáttmálanum. Því eiga aðildarríki sáttmálans að leita eftir sjónarmiðum barna í öllum málum þar sem reynsla þeirra og innsýn geta bætt gæði lausna eða ákvarðana, enda felast miklir möguleikar til framþróunar og nýsköpunar í þátttöku barna.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Almenn athugasemd um 12.gr.

## Pekking á efni Barnasáttmálans

Af framkomnum svörum má ráða að almennt er lítil þekking til staðar meðal starfsfólks ríkisstofnana um Barnasáttmálann og þau réttindi sem þar er fjallað um, með nokkrum undantekningum þó. Í svörum stofnana við opnum spurningum könnunarinnar má hins vegar greina skýran áhuga á því að bæta þekkingu starfsmanna á þessu sviði sem er afar jákvætt og hyggst embætti umboðsmanns barna bregðast við ákalli ríkisstofnana um fræðslu um Barnasáttmálann með fjölbreyttum aðgerðum á næstu misserum.




Mynd 1.1: Hjá stofnuninni er góð þekking á efni Barnasáttmálans.

Ein mikilvægasta forsenda þess að Barnasáttmállinn verði innleiddur á öllum stigum stjórnáráðs er að starfsfólk stofnana þekki efni Barnasáttmálans og þær skyldur sem hann leggur á aðildarríkin. Einnig þarf að tryggja að starfsfólk fái leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd hans.

Í síðustu lokaathugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenska ríkisins frá árinu 2011 benti nefndin á nauðsyn þess að efla menntun, fræðslu og þjálfun faghópa sem starfa með börnum eða í þágu þeirra, en enn hefur ekki verið brugðist við þeim tilmælum af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar greina 6% stofnana frá því að starfsmenn hafi fengið fræðslu eða kynningu um Barnasáttmálann en fram kom í svörum við opnum spurningum könnunarinnar að í þó nokkrum tilvikum voru mörg ár síðan sú fræðsla átti sér stað. Hafa þarf í huga að Barnasáttmállinn er lifandi plagg sem ber að túlka til samræmis við það, og efla þarf meðvitund stofnana um þær leiðbeiningar um framkvæmd hans sem er að finna í almennum athugasemdum barnaréttarnefndarinnar sem og niðurstöðum nefndarinnar í kæruráðum samkvæmt þriðju valfrjálsu bókuninni við Barnasáttmálann.

Efla þarf menntun fagstétta sem vinna með börnum en einnig þarf að huga að því hvernig standa megi að sífræðslu starfsfólks stofnana. Þá þarf að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að hrinda af stað sérstöku árvekniátaki innan stofnana um Barnasáttmálann og réttindi barna.



Mynd 1.2: Starfsmenn hafa fengið fræðslu eða kynningu á efni Barnasáttmálans.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa 37% starfsfólks stofnana fengið þjálfun í því að vinna með og eiga í samskiptum við börn. Ef efla á samráð við börn og þátttöku þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku í málum sem varðar þau, þarf að hækka það hlutfall starfsfólks sem býr yfir þessari færni. Embætti umboðsmanns barna hefur þegar sett fram tillögur til úrbóta á þessu sviði í skýrslu embættisins um þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku frá desember 2019. Embættið hyggst vinna að því að koma þeim tillögum frekar á framfæri, með hliðsjón af niðurstöðum þessarar könnunar.




Mynd 1.3: Starfsmenn hafa fengið þjálfun í því að vinna með og eiga í samskiptum við börn.



### Kynning á Barnasáttmálanum

Meira en helmingur svarenda lýsti yfir áhuga á því að fá kynningu á efni Barnasáttmálans eða 58% sem er afar jákvætt og því ljóst að meirihluti stofnana telur efni Barnasáttmálans eiga erindi til starfsmanna. Af niðurstöðum könnunarinnar má jafnframt ráða að eftirspurn er eftir viðeigandi fræðsluefni fyrir aðila sem vinna með börnum, en umboðsmaður barna hyggst taka til sérstakrar skoðunar hvernig unnt er að bæta framboð af aðgengilegu og fjölbreyttu fræðslu- og upplýsingaeefni fyrir starfsfólk stofnana um Barnasáttmálann og réttindi barna.




Mynd 1.4: Er áhugi á að fá frekari kynningu á efni Barnasáttmálans?



## Aðgengi

### Húsnæði stofnana

Af framkomnum svörum má ráða að mikill meirihluti stofnana eru staðsettar í húsnæði sem er aðgengilegt börnum og að hugað hefur verið að því að gera húsnæðið barnvænt með ýmsum hætti. Aðeins 4% stofnana töldu húsnæði stofnunarinnar óaðgengilegt börnum, en ekki er fyllilega ljóst hvernig sá skortur á aðgengi lýsir sér. Aðgengi barna í víðu samhengi er ein af meginreglum Barnasáttmálans en taka þarf til skoðunar hvort gátlisti fyrir barnvæna aðstöðu geti auðveldað stofnunum að bæta aðgengi til að senda þau skilaboð til barna að ekki sé aðeins gert ráð fyrir þeim heldur séu þau jafnframt velkomin.




Mynd 1.5: Húsnæði stofnunarinnar er aðgengilegt fyrir börn.

### Vefsíða og kynningarefni


Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á upplýsingum við hæfi sem er jafnframt ein af nauðsynlegum meginforsendum fyrir þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum sem þau varða. Til þess að svo megi verða, þurfa stofnanir að taka upplýsingastefnu sína til gagn Gerrar endurskoðunar, út frá hagsmunum og þörfum barna.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru einungis 11% stofnana með texta á vefsíðum sínum sem er á einföldu máli sem börn skilja. Þá hafa einungis 18% stofnana gefið út fræðsluefni sem er barnvænt. Við vinnslu og framsetningu kynningar- og fræðsluefnis sem og efni á vefsíðum stofnana, þarf að huga að því að gera í það minnsta hluta efnisins aðgengilegt börnum. Það er liður í því að börn geti sjálfstætt og á eigin forsendum leitað sér upplýsinga um eigin réttindi, þjónustu og önnur tiltæk úrræði. Þá ber að líta til þess að upplýsingaefni sem er á einföldu og auðskildu máli nýtist jafnframt öðrum hópum og því getur ávinningurinn af því að setja fram efni með þessum hætti orðið margfaldur.

Taka þarf til skoðunar hvernig setja má fram leiðbeiningar sem nýtast stofnunum við framsetningu barnvæns kynningar- og upplýsingaefnis á fjölbreyttu formi.



Mynd 1.6: Vefsíða stofnunarinnar er á einföldu máli sem börn skilja.




Mynd 1.7: Kynningarefni stofnunarinnar er barnvænt.

### Mat á áhrifum á börn

Samkvæmt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna er þörf á því að meta með kerfisbundnum hætti áhrif lagafrumvarpa, stefnu eða ráðstöfun opinbers fjármagns á börn. Mat á áhrifum á börn er jafnframt liður í því að meta stöðu innleiðingar Barnasáttmálans. Þar af leiðandi þarf að festa slíkt ferli í sessi á öllum stigum stjórnsýslunnar og matið þarf ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku.

Árið 2013 gaf barnaréttarnefndin út almenna athugasemd nr. 14<sup>2</sup>, um 3. gr. sáttmálans og meginregluna um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang. Þar kemur fram að ákvarðanataka sem varðar einstakt barn, hóp barna eða börn almennt, á að byggja á mati á mögulegum áhrifum á þau börn sem um ræðir. Þá segir nefndin að til að tryggja að bestu hagsmunir barna séu í forgangi við setningu löggjafar, mótun stefnu og veitingu þjónustu á öllum stigum, þarf að vera til staðar viðvarandi ferli um mat á áhrifum á börn, til þess að unnt sé að sjá fyrir áhrif tillagna á börn og möguleika þeirra á að njóta réttinda sinna.

Af framkomnum svörum er ljóst að 48% svarenda töldu stofnunina hafa lagt sérstaklega mat á áhrif eigin tillagna eða aðgerða á börn í íslensku samfélagi, en 9% svarenda voru óvissir. Umboðsmaður barna hefur þegar sett fram tillögur um innleiðingu mats á áhrifum á börn í skýrslu um þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku. Þá er jafnframt að finna leiðbeiningar og upplýsingar um framkvæmd slíks mats í sömu skýrslu. Þegar fram fer greining og mat á áhrifum ákvörðunar á hagsmuni og réttindi barna aukast líkurnar á að ákvörðunin sé í bestu samræmi við hagsmuni barns eða barna eftir því hvað við á hverju sinni sem er ein af meginreglum Barnasáttmálans.



Mynd 1.8: Leggur stofnunin sérstaklega mat á það hvaða áhrif tillögur hennar eða aðgerðir hafa á börn?

<sup>2</sup>[https://tbinternet.ohchr.org/\\_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fGC%2f14&Lang=en](https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fGC%2f14&Lang=en)

### Innleiðing Barnasáttmálans í starfsemi stofnana

Í almennri athugasemd barnaréttarnefndarinnar nr. 5, um almennar aðgerðir við innleiðingu Barnasáttmálans,<sup>3</sup> er fjallað um þær ráðstafnir sem aðildarríkjum ber að grípa til við innleiðingu sáttmálans þannig að börn fái notið til fulls þeirra réttinda sem hann tryggir þeim. Meðal þeirra aðgerða sem þar er fjallað um er lagasetning, stofnun samhæfingar- og eftirlitsaðila, söfnun tölfraeðiupplýsinga, þjálfun og fræðsla til starfsfólks sem vinnur með og fyrir börn, og innleiðing barnvænnar stefnu, þjónustu og aðgerðaáætlunar. Meðal þeirra aðgerða sem nefndin telur að hafi verið hvað árangursríkastar í innleiðingu Barnasáttmálans er að fjölbreyttar stofnanir ríkis og sveitarfélaga vinni samkvæmt barnvænni hugmyndafræði og leggi sérstaka áherslu á börn í allri sinni starfsemi.

#### *Hefur stofnunin gripið til ráðstafana með það markmið að innleiða Barnasáttmálann?*

Af þeim 75 sem svöruðu þessari spurningu voru 54 sem ekki höfðu gripið til sérstakra ráðstafana með það að markmiði að innleiða Barnasáttmálann í viðkomandi starfsemi. Alls greindu 21 stofnun frá því að gripið hafi verið til einhverra aðgerða sem miðuðu ýmist að því að tryggja aðgengi eða/og réttindi barna. Fram kom að í einhverjum tilvikum væri Barnasáttmálinn notaður í allri vinnu viðkomandi stofnunar með börnum þó svo að ekki hafi verið um formlega innleiðingu að ræða og sáttmálann þannig haft afgerandi áhrif.

Aðrar stofnanir greindu frá því að í starfinu væri höfð hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins á sviði mannréttinda, og að sérstakt tillit væri því tekið til barna er úrskurðir eru kveðnir upp í málum sem þau eiga aðild að. Aðrar stofnanir töldu sáttmálann ekki hafa verið innleiddann sérstaklega en að starfsmenn væru mjög meðvitaðir um þarfir barna og áhersla hafi því verið lögð á að gera allt innra umhverfi stofnunarinnar barnvænt.

Af framkomnum svörum má ráða að flestar stofnanir hafa gripið til einhverra ráðstafana til að tryggja barnvæna þjónustu og hafa séð til þess að starfsfólk fái fræðslu um réttindi barna. Þannig má greina að forsvarsmenn og starfsfólk stofnana er meðvitað um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans sem er afar jákvætt. Af svörunum má einnig greina að til staðar er eindreginn vilji til úrbóta og að stofnanir hafa áhuga á því að fá rýni barna á tiltekna þætti starfseminnar, en að þörf er á frekari fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk eins og áður hefur komið fram.

---

<sup>3</sup>[https://tbinternet.ohchr.org/\\_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fGC%2f2003%2f5&Lang=en](https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fGC%2f2003%2f5&Lang=en)



Það er innbyggt í starfsemi stofnunarinnar að hafa hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi í öllu starfi. Börn og ungmenni fá upplýsingar um sín mál þegar þau hafa til þess þroska og færni. Vinnuhópur í gangi til að skoða leiðir til að afla upplýsinga á markvissari hátt um hvernig börn sem tengjast stofnuninni upplifa eigin lífsgæði og þátttöku.

Stofnunin hefur skoðað með hvaða hætti hægt er að auka áhrif barna á starfsemina. Unnið hefur verið með lykilkætti í barnasáttmálanum; lýðræði og gagnrýna hugsun.

Svarið er nei þar sem ekki er framkvæmt kerfisbundið mat á áhrifum ákvarðana á börn Hins vegar er rétt að taka fram að Barnasáttmálinn er hafður að leiðarljósi við allar ákvarðanir sem varða börn með beinum hætti.


Ekki hefur verið um formlega innleiðingu að ræða en Barnasáttmálinn er notaður við alla vinnu sem fram fer í úrræðum stofnunarinnar og annarri þjónustu hennar. Kennsla fyrir nýja starfsmenn og leiðbeiningar/ráðgjöf inniheldur mjög mikla umfjöllun um Barnasáttmálann, sögu hans, þýðingu lögfestingar og það stóra hlutverk sem sáttmálinn spilar í allri vinnu með börn.





## Samráð við börn

Réttur barna til að láta skoðanir sínar frjálst í ljós í öllum málum sem þau varða, er ein af grunnreglum Barnasáttmálans, sem taka þarf tillit til, er til álita koma önnur ákvæði sáttmálans. Samkvæmt almenntri athugasemd Barnaréttarnefndarinnar nr. 12.,<sup>4</sup> eiga aðildarríki að hvetja börn til þess að mynda sér skoðanir og ber að búa börnum aðstæður og umhverfi sem styður við rétt barnanna til þess að láta í ljós skoðanir sínar. Það er skylda aðildarríkjanna að viðurkenna þennan rétt barna og stuðla að því að hann sé virtur með setningu eða endurskoðun laga þar að lútandi.



Mynd 1.9: Hefur stofnunin haft samráð við börn í sínu starfi?

Í könnuninni gafst stofnunum tækifæri til að veita nánari upplýsingar um þær aðferðir sem nýttar hafa verið í samráði við börn en greint var frá fjölbreyttum og jafnvel nýstárlegum leiðum. Fram kom að stofnanir hafa leitað til unglinga um framsetningu efnis á heimasíðu og að settir hafa verið á laggirnar rýnihópar ungmenna í samvinnu við félagasamtök. Einnig voru nefnd dæmi um að ungmennum hafi verið boðið á opna fundi um tiltekin málefni sem snerta þau. Þá var greint frá fjölbreyttu kynningarstarfi stofnana fyrir börn og ungmenni og ljóst að rík áhersla er lögð á að fræða og virkja börn með fjölbreyttum aðferðum eins og með útgáfu fræðsluefnis, skipulagningu málþinga, afhendingu verðlauna, útgáfu smáforrita o.s.frv.

<sup>4</sup>[https://tbinternet.ohchr.org/\\_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fGC%2f12&Lang=en](https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fGC%2f12&Lang=en)

Áherslan á fræðslu- og kynningarstarf til barna er jákvæð en af framkomnum svörum má þó ráða að lítið er um virkt og raunverulegt samstarf við börn en úr því þarf að bæta. Svörin gefa til kynna að í flestum tilvikum hafa þær stofnanir sem svöruðu könnuninni ekki tekið afstöðu til þess hvort framvegis verði leitað samráðs við börn, en fram kom í þó nokkrum tilvikum að vonir stæðu til þess að það yrði gert og að áhuginn væri til staðar. Örfáar stofnanir svöruðu því með afgerandi hætti að stofnunin hafi ekki í hyggju að leita samráðs við börn, en ber til þess að líta að starfssvið þeirra stofnana sem um ræðir er afar breitt, og því ekki víst að samráð við börn eigi við í öllum tilvikum.

Með þátttöku barna er hægt að bæta þjónustu og tryggja snemmtæka íhlutun í málum barna, á þeirra forsendum, sem leiðir til hagkvæmari lausna, betri meðferðar á opinberu fjármagni og þar með betri árangurs. Embætti umboðsmanns barna mun halda áfram að vinna að því að þátttaka barna sé tryggð í öllum málum sem þau varðar.

Að því sögðu þá má sannarlega taka fram að beint samráð við börn um málefni sem snerta líf þeirra mætti vera meira.

Móttaka leikskóla- og grunnskólabarna þar sem starfsemin er kynnt. Heimsóknir í grunnskóla til að kynna starfsemina, þátttaka í kynningardögum menntastofnana og heimsóknir um allt land þar sem börn fá tækifæri til að kynnast starfseminni, tækjabúnaði og starfsfólki. Höfum tekið þátt í alls kyns jákvæðum uppákomum þar sem börn spila stórt hlutverk. Sjónum okkar hefur einnig sérstaklega verið beint að veikum börnum sem hafa fengið tækifæri til að koma í heimsókn og jafnvel taka þátt í starfseminni eins og aðstæður leyfa.

Já og stofnunin óskar eftir leiðsögn Umboðsmanns barna í þeim efnum.

Ekki slæm hugmynd. Við munum skoða það.

## Annað

Í lok könnunarinnar gafst stofnunum færi á því að koma á framfæri almennum athugasemdum um könnunina og innleiðingu Barnasáttmálans. Nokkrar stofnanir fjölluðu hér sérstaklega um þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til eða sem til stendur að grípa til og sem miða að aukinni þátttöku barna og innleiðingu Barnasáttmálans, en þær upplýsingar eru afar gagnlegar fyrir starf embættisins. Aðrar stofnanir áréttuðu mikilvægi þess að innleiða sáttmálan í allri starfsemi stofnana. Þá voru aðrar stofnanir sem þökkuðu fyrir brýninguna og áréttuðu það að starfsmenn séu boðnir og búinir til þess að leggja sitt af mörkum til að vinna áfram að málefnum barna. Umboðsmaður barna þakkar fyrir framkomnar athugasemdir og þann áhuga og samstarfsvilja sem þar má greina.

Kynning á sáttmálanum og því hvernig innleiða megi hann í starfsemi stofnunarinnar væri þörf og holl - en ekki síst áhugaverð.

Börn skipa stóran sess í hjörtum okkar og ef þess er óskað er stofnunin boðin og búin til að leggja sitt af mörkum til að vinna að málefnum barna.

Nýlega hefur verið rætt að uppfæra efni á heimasíðu með tilliti til barna og verður það gert á næstu vikum og mánuðum.

Rætt hefur verið sérstaklega að skoða ýmis ákvæði laga í ljósi lögfestingarinnar en sú vinna er ekki enn hafin.

Samráð við börn og ungmenni hefur almennt aukist

Þakklæti fyrir störf umboðsmanns barna í þágu betra og barnvænna samfélags. Það er góður vilji innan stofnunnar til að eiga gott samstarf og þiggja ráðleggingar frá umboðsmanni við innleiðingu Barnasáttmálans.

Fljótt á litið mætti áætla að starfsemi stofnunarinnar væri ekki beint tengd börnum, en við nánari skoðun eru vissulega þættir í starfseminni sem falla beint að Barnasáttmálanum og það er vissulega vilji stofnunarinnar að höfða til barna og að börn hafi meira að segja um starfsemina.

Þótt ekki sé ástæða til að tengja börn beint við töku ákvarðana af þessu tagi er athugandi að kynna börnunum, sérstaklega þeim eldri, hvernig ákvarðanir eru teknar. Þetta hefur verið gert í almennum kynningum - en það mætti eflaust dýpka slíkar kynningar með nýstárlegum kynningaraðferðum.

## Viðauki 1 - spurningar

### Bakgrunnsspurningar:

1. Nafn stofnunar.
2. Nafn þess sem svarar.
3. Netfang.
4. eru málefni barna hluti af málefnasviði stofnunarinnar?

### Almenn þekking:

5. Hjá stofnuninni er góð þekking á efni Barnasáttmálans.
6. Starfsmenn hafa fengið fræðslu eða kynningu á efni Barnasáttmálans.
7. Starfsmenn hafa fengið þjálfun í því að vinna með og eiga í samskiptum við börn.
8. Er áhugi á að fá frekari kynningu á efni Barnasáttmálans?

### Aðgengi:

9. Húsnæði stofnunarinnar er aðgengilegt fyrir börn.
10. Vefsíða stofnunarinnar er á einföldu máli sem börn skilja.
11. Kynningarefni stofnunarinnar er barnvænt.
12. Leggur stofnunin sérstaklega mat á það hvaða áhrif tillögur hennar eða aðgerðir hafa á börn?
13. Hefur stofnunin gripið til ráðstafanna með það markmið að innleiða Barnasáttmálann í starfseminni? Ef svo er, hvaða?

### Samráð við börn:

14. Hefur stofnunin haft samráð við börn í sínu starfi?
15. Ef já við sp. 14. Hvaða leiðir hefur stofnunin nýtt til þess að eiga samráð við börn?
16. Ef nei við sp. 14. Hyggst stofnunin leita samráðs við börn?

### Annað:

17. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?



UMBOÐSMAÐUR  
BARNA

Staða á innleiðingu Barnasáttmálans  
Niðurstæða könnunar meðal ríkisstofnana

Október 2020  
@umboðsmaður barna